

Skólaráð Naustaskóla

7. fundur ársins 2009 þann 22. október kl. 16:30 í Naustaskóla

Mættir: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir, Jón Stefán Baldursson, Sara Stefánsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Brynja Dögg Hermannsdóttir.

1. Útlit og horfur. Rætt um stöðu mála. Í stuttu máli hefur starfið farið vel af stað en húsnæðismálin (seinkun framkvæmda) reyndu verulega á fyrstu vikurnar. Nú er skólastarfið hins vegar farið að “rúlla” nokkuð vel og batnar í raun með hverjum deginum.
2. Fundatími skólaráðs. Ákveðið að fastir fundir skólaráðs verði 2. föstudag í mánuði kl. 8-9 að morgni.
3. Aðkoma nemenda að skólaráði. Rætt um aðkomu nemenda að ráðinu. Gert er ráð fyrir að 2 fulltrúar nemenda sitji fundi þess að jafnaði. Skólastjóri kynnti hugmynd að lögum fyrir nemendafélag / starfsreglum fyrir nemendaráð. Lítils háttar breytingar gerðar á þeim drögum og stefnt að kjöri í nemendaráð á næstunni. Nemendaráð tilnefnir svo fulltrúa til setu í skólaráði.
4. Foreldrafélag / foreldrastarf. Stofnfundur Foreldrafélags Naustaskóla verður 29. október nk. Kynnt drög að lögum fyrir félagið. Nokkrar lagfæringar gerðar en drögin bíða svo mótunar stjórnar félagsins sem kjörin verður á stofnfundi. Umræður um foreldrastarf, skipan bekkjarfulltrúa o.fl.
5. Vígsla skólans. Stefnt er að vígslu húsnæðisins í nóvember, dagsetning ekki enn ljós.
6. Öðrum málum á dagskrá var frestað til næsta fundar sem verður föstudaginn 13. nóvember kl. 8:00